

FFF NORÐURLAND 2014

„Allt um myndirnar má finna á www.fff.is“

Franska kvikmyndahátíðin (FFF) flyst til Akureyrar, Siglufjarðar og Ólafsfjarðar

Sendiráð Frakklands á Íslandi og Alliance française, í samstarfi við Akureyrarbæ og Fjallabyggð, skipuleggja tvær franskar kvikmyndahátíðir á Norðurlandi frá **15. til 19. mars 2014. Aðgangur er ókeypis á alla hátíðina!**

Hátíðin verður haldin á **Siglufirði og Ólafsfirði 15. mars** og **Akureyri (í Hofi) 16. til 19. mars.** ****Sýningartímar verða birtir miðvikudaginn 12. mars****

****Á dagskránni á Akureyri 16. til 19. mars eru eftirtaldar myndir:**

Heimildarmyndirnar *Etre et Avoir / Að vera og hafa* eftir Nicolas Philibert, sem er gamanmynd og um leið áhrifamikil kvikmynd um lífið í litlum grunnskóla í Auvergne, og *Les Invisibles / Hinir ósýnilegu* eftir Sébastien Lifshitz, sem er hjartnæm og einlæg mynd um samkynhneigð eldri pör og þær áskoranir sem við þeim blasa.

Teiknimyndirnar *Le Tableau / Málverkið* eftir Jean Francois Laguinoie (**opnunarmynd hátíðar**), sem er ljóðræn dæmisaga um feril listamannsins, og hin alkunna mynd *Kirikou et la Sorcière / Kirikou og galdrakerlingin* eftir Michel Ocelot, en þar er um að ræða afrískt ævintýri með fallegri atburðarás og frábærri tónlist Youssou N'Dour.

Loks verður sýnd kvikmynd Bertrand Tavernier *La Princesse de Montpensier /Prinsessan af Montpensier* með Lambert Wilson og Mélanie Thierry. Myndin er byggð á samnefndri sögu Madame de Lafayette og er ástarsaga, sem gerist á tímum trúarbragðastyrjalda í Frakklandi.

****Eftirfarandi þrjár myndir verða sýndar á Siglufirði og Ólafsfirði laugardaginn 15. mars:**

Starbuck eftir Ken Scott. Aðalpersónan er 42ja ára en hegðar sér ennþá eins og óábyrgur unglíngur. Hann stundaði þá iðju að selja sæði sitt til sæðisbanka. Hann uppgötvar að sökum þessa á hann nú 533 börn.

La Princesse de Montpensier /Prinsessan af Montpensier eftir Bertrand Tavernier með Lambert Wilson og Mélanie Thierry. Myndin er byggð á samnefndri sögu Madame de Lafayette og er ástarsaga, sem gerist á tímum trúarbragðastyrjalda í Frakklandi.

Les Triplettes de Belleville/Þríburarnir frá Belleville, sem er tónlistarteiknimynd eftir Sylvain Chomet.

Myndirnar

Siglufjörður og Ólafsförður (15. mars)



Nafn myndar : STARBUCK

Gerð myndar:

Gamanmynd

Söguþráður:

David er 42ja ára en hegðar sér ennþá eins og óábyrgur unglingur. Hann siglir í gegnum lífið með minnstu mögulegu áreynslu og er í flóknu sambandi við Valerie, unga lögreglukonu. Á sama tíma og hún tilkynnir að barn sé á leiðinni, kemur fortíð hans upp á yfirborðið. Tuttugu árum áður stundaði hann þá iðju að selja sæði sitt til sæðisbanka. Hann uppgötvar að sökum þessa á hann nú 533 börn og þar af hafa 142 þeirra höfðað mál saman til að komast að því hver líffræðilegur faðir þeirra er, en þau þekkja hann eingöngu undir nafninu Starbuck.

Leikstjóri:

Ken Scott

Leikarar:

Patrick Huard, Julie Lebreton, Antoine Bertrand

Ár:

2012

Lengd myndar (mínútur):

109

Land uppruna myndar:

kanadísk

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Íslenska

**Nafn myndar:**

Prinsessan af Montpensier

Upprunalegt nafn myndar:

La Princesse de Montpensier

Gerð myndar:

Drama, rómantík

Söguþráður:

Söguviðið er árið 1562 á tímum trúarátaka í Frakklandi sem skiptu þjóðinni í tvennt. Ung hertogaynja að nafni Marie de Mezières berst á móti föður sínum sem reynir að neyða hana í hljónaband með áhrifamiklum leiðtoga að nafni Philippe de Montpensier, til þess eins að auka eigið áhrifavald. Á sama tíma ber Marie ást til Henri de Guise, sem vill svo til að er frændi hennar. Þegar Philippe er sendur í bardaga, er Marie skilin eftir í umsjá hertogans Chabannes, sem leiðist fljótt inn í pólitískan og ástríðufullan heim hirðarinnar.

Leikstjóri:

Bertrand Tavernier

Leikarar:

Mélanie Thierry, Lambert Wilson, Grégoire Leprince-Ringuet

Ár:

2010

Lengd myndar (mínútur):

139

Land uppruna myndar:

Frakkland

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Enska

**Nafn myndar:**

Þríburarnir frá Belleville

Upprunalegt nafn myndar:

Les triplettes de Belleville

Gerð myndar:

Animation

Söguþráður:

Ungum manni er rænt þegar hann keppir í Tour de France - hjólreiðakeppninni. Það vill svo til að hann er barnabarn frú Souza, sem leggur upp í mikla ævintýraför til að frelsa hann úr klóm ræningjanna. Með henni í för eru hundurinn Bruno og hinar öldruðu Belleville-systur, sem sjá fyrir sér endurhvarf til frægðar og frama fyrri tíma með söng sínum og dansi.

Leikstjóri:

Sylvain Chomet

Leikarar:

Michèle Caucheteux, Jean-Claude Donda, Michel Robin

Ár:

2003

Lengd myndar (mínútur):

78

Land uppruna myndar:

Frakkland


Talað mál:

franska (án tals)

Tungumál þýðingar:

Án tals

Akureyri (16.-19. mars)

**Nafn myndar:**

Prinsessan af Montpensier

Upprunalegt nafn myndar:

La Princesse de Montpensier

Gerð myndar:

Drama, rómantík

Söguþráður:

Söguviðið er árið 1562 á tímum trúarátaka í Frakklandi sem skiptu þjóðinni í tvennt. Ung hertogaynja að nafni Marie de Mezières berst á móti föður sínum sem reynir að neyða hana í hljónaband með

áhrifamiklum leiðtoga að nafni Philippe de Montpensier, til þess eins að auka eigið áhrifavald. Á sama tíma ber Marie ást til Henri de Guise, sem vill svo til að er frændi hennar. Þegar Philippe er sendur í bardaga, er Marie skilin eftir í umsjá hertogans Chabannes, sem leiðist fljótt inn í pólitískan og ástríðufullan heim hirðarinnar.

Leikstjóri:

Bertrand Tavernier

Leikarar:

Mélanie Thierry, Lambert Wilson, Grégoire Leprince-Ringuet

Ár:

2010

Lengd myndar (mínútur):

139

Land uppruna myndar:


Frakkland

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Enska



Nafn myndar:

Málverkið

Upprunalegt nafn myndar:

Le Tableau

Gerð myndar:

Teiknimynd

Söguþráður:

Kastali, aldingarðar og hættulegur skógur er fátt eitt sem málarinn hefur ekki lokið við í verki sínu. Inni í málverkinu búa þrír flokkar af verum; „Toupins“ sem eru málaðir út í eitt, „Pafinis“ sem vantar liti hér og þar og loks „Reufs“ sem eru aðeins grunnteikningar. Félagsvandamál eru að byggjast upp í veröld þessari en mikilvægt er að draga úr ójöfnuði. Nokkrar verur hefja í kjölfarið ótrúlega ævintýraför á milli ólíkra málverka til þess að finna skapara sinn, málarann, og sannfæra hann um að klára verkið.

Leikstjóri:

Jean-François Laguionie

Leikarar:

Jessica Monceau, Adrien Larmande

Ár:

2011

Lengd myndar (mínútur):

76

Land uppruna myndar:


Frakkland, Belgía

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Enska



Nafn myndar:

Kirikou og Galdrakerlingin

Upprunalegt nafn myndar:

Kirikou et la Sorcière

Gerð myndar:

Teiknimynd

Söguþráður:

Hér er á ferðinni afrískt ævintýri með fallettri atburðarás og frábærri tónlist Youssou N'Dour. Sannkölluð perla úr franskri teiknimyndagerð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Kirikou er enginn venjulegur strákur. Um leið og hann kom í heiminn í litlu afrísku þorpi, gat hann gengið og talað. Hann er ákveðinn og veit nákvæmlega hvað hann vill. Móðir hans segir honum frá því hvernig ill galdrakerling heldur þorpinu í gíslingu og gerir fólki lífið leitt. Kirikou leggur upp í ævintýraför til þess að sigra galdrakerlinguna. Hann gæti verið síðasta von þorpsins!

Leikstjóri:

Michel Ocelot

Leikarar:

Theo Sebeko, Antoinette Kellermann, Fezele Mpeka

Ár:

1998

Lengd myndar (mínútur):

70

Land uppruna myndar:


Frakkland

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Enska



Nafn myndar:

Hinir ósýnilegu

Upprunalegt nafn myndar:

Les Invisibles

Gerð myndar:

Heimildarmynd

Söguþráður:

Mynd í senn hjartfólginn og einlæg um samkynhneigð eldri pör og þær áskoranir sem við þeim blasa. Öll eru þau uppalin á tímum er samkynhneigð var fordæmd. Í dag deila þau reynslu sinni, ástríðum og erfiðleikum með áhorfendum. Þegar þau upplifa í fyrsta sinn aðstæður án ótta og togstreitu á milli ástar og ofbeldis. Þau upplifa frelsi.

Leikstjóri:

Sébastien Lifshitz

Leikarar:

Ár:

2012

Lengd myndar (mínútur):

115

Land uppruna myndar:


Frakkland

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

Enska

**Nafn myndar:**

Að vera og hafa

Upprunalegt nafn myndar:

Être et avoir

Gerð myndar:

Heimildarmynd

Söguþráður:

Gamanmynd og í senn áhrifamikil heimildarmynd um lífið í litlum grunnskóla í Auvergne. Nemendur á aldrinum 4 til 11 ára læra undir leiðsögn eins manns, sem gerir allt fyrir nemendur sína. Myndin hlaut mikið lof þegar hún kom út og var m.a. tilnefnd til Cannes kvikmyndaverðlaunanna.

Leikstjóri:

Nicolas Philibert

Leikarar:**Ár:**

2002

Lengd myndar (mínútur):

104

Land uppruna myndar:

Frakkland

Talað mál:

franska

Tungumál þýðingar:

enska